

Vinnureglur ritnefndar Sjúkraþjálfarans, fagtímarits Félags sjúkraþjálfara

Uppfærðar af sjúkraþjálfurum Æfingastöðvarinnar árið 2013

Vinnureglur ritnefndar eru hugsaðar til leiðbeiningar og viðmiðunar við útgáfu Sjúkraþjálfarans, fagtímarits Félags sjúkraþjálfara

1. Sjúkraþjálfarinn kemur út amk. tvisvar á ári. Þegar sérstaklega stendur á koma út þrjú blöð á ári. Í upphafi starfsárs er gerð áætlun um efnistöð og fjölda blaða. Innihald blaðs er ca. 6 greinar og ca. 32 bls.
 - a. Fastir liðir í hverju blaði eru:
 - ávarp ritnefndar -fremst
 - pistill formanns - fremst
 - fréttir frá fræðslunefnd félagsins
 - fréttir frá námsbraut í sjúkraþjálfun
 - b. Fyrri tölublaðið (1.tbl.) hefur yfirleitt verið þemablað að hluta eða öllu leyti, en það er ekki regla. 1.tbl.er útgefið um mánaðarmót feb.-mars eða fyrir Dag sjúkraþjálfunar. Auglýsing um Dag sjúkraþjálfunar er birt í 1 tbl.
 - c. Síðara tölublaðið (2. tbl.) inniheldur auk fastra liða kynningu á BS verkefnum sjúkraþjálfunarnema og fréttir frá Degi sjúkraþjálfunar.
2. Ritnefnd er skipuð sjúkraþjálfurum frá þeim vinnustað sem útnefndur er til að sjá um útgáfu Sjúkraþjálfarans viðkomandi ár. Ritnefnd heyrir undir stjórn FS.
3. Nefndarmenn skipta innbyrðis með sér verkum og velja sér formann og ritara.
 - a. Formaður ritnefndar ber ábyrgð á að kalla nefndarmenn saman til fundar.
 - b. Nefndarmenn skipta með sér verkum og eru í tengslum við umbrotsaðila (2012-2013 Lárus í Litrófi; larus@litrof.is) þegar blaðið er í vinnslu.
 - c. Ritari nefndarinnar skrifar fundargerð funda, les fundargerð síðasta fundar í upphafi nýs fundar og skrifar ársskýrslu ritnefndar fyrir aðalfund.
4. Ritnefnd fundar þegar þörf er á til að ákveða efnisinnihald hvers blaðs og sinna annarri skipulagsvinnu.
5. Nefndarmenn sjá um efnisöflun og koma leiðbeiningum til greinahöfunda.
6. Greinarhöfundur
 - a. eru afhentar leiðbeiningar um skrif í Sjúkraþjálfarann, upplýstir um lengd greina og skilafrest á efni (sjá Leiðbeiningar til greinarhöfunda Sjúkraþjálfarans).
 - b. er bent á að hann þarf að senda mynd af greinarhöfundur í hæfilegri upplausn þ.e. 36x46mm. Í 300dpi og aðrar myndir (þ.m.t forsiðumynd) í 300dpi miðað við raunstærð.
 - c. er gert að nota sama heimildaforrit í greinaskrifum eins og tíðkast í Sjúkraþjálfaranum (APA? Samræma við fræðilega ritnefnd).
7. Ritnefnd og umbrotsaðili semja um útgáfudag blaðs, áætlaðan vinnslutíma í umbroti og prentun. **Fylgja þarf vel eftir þessu vinnuferli.** Funda þarf með

umbrotsfyrirtæki og auglýsingarstofu **eigi síðar en í desember** fyrir fyrra tölublaðið og **um miðjan ágúst** fyrir síðara tölublaðið.

8. Skilafrestur á greinum í
 - a. fyrra blaðið er 30. janúar og þá gert ráð fyrir útgáfudegi í síðari hluta febrúar
 - b. síðara tölublaðið er 15. september og gert ráð fyrir útgáfudegi um miðjan október.
9. Ritnefnd safnar saman efni þegar skilafresti lýkur. Þegar prófarkalestri er lokið er efninu komið á tölvutæku formi til umbrotsaðila og útgáfudegi fylgt eftir.
10. Umbrotsaðili sendir greinarnar í prentun og sér um allt það ferli (prentsmiðja sér um auglýsingaöflun).
11. Umbrotsaðili sendir fullgert tölublað á tölvutæku (pdf) á skrifstofu FS um leið og hann sendir ritnefnd blaðið fullbúið.

Samþykkt af stjórn FS, þann 4. desember 2013
Unnur P.

Aths dags. 10.12.2019

Ath að gera þarf grein fyrir fræðilegri ritstjórn á hverju blaði, hvort sem um er að ræða ritrýnda grein í blaðinu eða ekki.